

anda að setja búið í samt lag og þá er úrskurðurinn gekk, og halda því síðan fram til löglegra skifta. Málkostnaður í yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Að því er snertir Konráð Hjálmarsson vísast málinu frá yfirdóminum. Að öðru leyti á hinn áfrýjadi úrskurður og eftirfarandi meðferð búsins ómerk að vera og vísast skiftunum heim í hérað til nýrrar löglegrar meðferðar.

Málkostnaður í yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 19. júlí 1915.

Nr. 35/1915.

Gísli J. Ólafsson

gegn

Birni Kristjánssyni

og Birni Sigurðssyni

fyrir hönd Landsbankans.

D ó m u r :

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, gengnum 8. apríl þ. á. voru stefndu bankastjórar Landsbankans Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson, er áfrýjandinn Gísli J. Ólafsson hafði lögsótt til greiðslu 1000 kr. sparisjóðsinnstæðu í bankanum með 4% vöxtum

frá 3. júní 1913 til 22. maí 1914 og með 5% vöxtum upp þaðan til greiðsludags, sýknaðir af kærum og kröfum áfrýjanda, en málskostnaður var feldur niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdóms með stefnu dags. 25. maí þ. á. og krefst hann þess, að kröfur sínar fyrir bæjarþinginu verði teknar til greina og sér tildæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum, en hinir stefndu krefjast þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum, en um málskostnað þeim til handa í héraði verður ekki að ræða, þegar af þeirri ástæðu, að þeir hafa ekki gagnáfrýjað bæjarþingsdómnum.

Málavextir eru samkvæmt máls skjölunum, að 3. júní 1913 er skrifað í viðskiftabók áfrýjanda við Landsbankann, sem ber nr. 7348 og hljóðar á nafn hans: »Inn tvö þúsund kr.« en út undan þessum orðum í sömu línu stendur í samlagningardálki bókarinnar »1000« og nöfn tveggja starfsmanna bankans, gjaldkera og eins aðstodarmanns bókara, undir línunni innanstriks við samlagningardálkinn. Fyrir ofan nefndar 1000 kr. stendur í samlagningardálki bókarinnar: 8200 kr. 62 aur., inneign áfrýjanda áður en inngreiðslan 3. júní 1913 fór fram, og fyrir neðan 9200 kr. 62 aur., samlögð upphæð fyrverandi innstæðu áfrýjanda og nefndrar tölustafaðrar inngreiðslu. Áfrýjandi gerði eigi vart við þessa ósamkvæmni um innritunina 3. júní 1913 hjá bankastjórunum fyr en síðast í apríl 1914, og krafðist þá um leið leiðréttingar á henni. Bankinn varð ekki við tilmælum

áfrýjanda um greiðslu 1000 kr. þeirra, er milli bar hinnar bókstöfuðu og tölustöfuðu inngreiðslu nefndan dag, enda kærði áfrýjandinn hina stefndu til sátta 22. maí 1914.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar aðallega á því, að alla áherzlu beri að leggja á bókstöfuðu upphæðina, enda hafi bókari og gjaldkeri sparisjóðs undirskrifað hana eina, og sé kvittun þeirra ein út af fyrir sig samkvæmt 28. gr. reglugerðar Landsbankans 18. okt. 1911 full sönnun fyrir greiðslunni. Hinir stefndu halda því hinsvegar fram, sér til varnar, að lægri upphæðin, 1000 kr., sé ein tilfærð í öllum bókum bankans, að bókstafaða talan í viðskiftabók áfrýjanda sé misskrift, að bankanum beri, samkvæmt 38. gr. reglugerðar sinnar að eins að svara til lægri upphæðarinnar, enda hafi áfrýjandi sagt alt of seint til ósamkvæmninnar um upphæð inngreiðslunnar 3. júní 1913.

Það verður ekki fallist á það, að bókstafaða upphæðin, ein út af fyrir sig, skeri úr, eins og hér stendur á, enda hafa þeir bókari og gjaldkeri, undirskrifað alla linuna í viðskiftabók áfrýjanda um inngreiðslu hans 3. júní 1913, og þá einnig tölustöfuðu upphæðina 1000 kr., og 28. gr. bankareglugjörðarinnar á vitanlega aðeins við kvittun undir sjálfu sér samkvæma innfærslu. Þó virðist meira leggjandi upp úr bókstafaðri upphæð heldur en tölustafaðri, er milli þess sem hér. En þó er aftur á það að líta, að áfrýjandi átalði ósamkvæmnina ekki fyr en nálægt 11 mánuðum eftir að margumrædd inngreiðsla hafði farið fram, enda þó að oft hefði verið farið með



bókina í bankann á þeim tíma. Áfrýjandi hefir gert grein fyrir því, hvernig á þeim drætti stóð, en bókstöfun hærrí upphæðarinnar, ein út af fyrir sig, sker samt ekki úr. Á hinn bóginn verður engin ályktun, bein eða óbein, dregin af 38. grein bankareglugerðarinnar, sem stefndu hafa vitnað til. Og ekki virðist hér heldur stuðningur að 6. gr. víxil-laganna 13. jan. 1882 og 6. gr. tjekklaganna 8. nóv. 1901, enda verður nafnfest viðskiftabók við sparisjóði tæpast skoðuð sem viðskiftabréf, sízt á borð við víxla og tjekka. Ekki þykir heldur leggjandi upp úr því, að tölunum í heimabókum sparisjóðs ber saman, þar sem ætla má að tölurnar séu, hver í sínu lagi, runnar úr sama stað. Og nú með því að ekki verður, samkvæmt því sem að framan segir, ráðið af áminstri innfærslu 3. júní 1913 í viðskiftabók áfrýjanda, hvort hann hafi þann dag lagt inn á bókina hina meiri eða minni þar greindra upphæða, og með því að honum hefir eigi tekist að færa sönnur á það á annan hátt, að hann hafi greitt bankanum hina meiri upphæðina, verður að fallast á það, að undirdómarinn hefir sýknað hina stefndu, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, einnig ákvæði hans um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinir stefndu bankastjórar, Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson fyrir hönd Landsbankans, eiga að vera sýknir af kröfum áfrýjanda, Gísla J. Ólafssonar símstjóra. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi hinum stefndu með 25 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 26. júlí 1915.

Nr. 15/1915.

Sturla Jónsson

gegn

Magnúsi Vigfússyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi, Magnús bóndi Vigfússon á Þingeyrum, gegn áfrýjandanum, Sturlu kaupmanni Jónssyni í Reykjavík, fyrir gestarétti Húnavatns-sýslu, út af kauparétti á Þingeyrareignum, og var það dæmt í gestaréttinum 5. febrúar þ. á. á þá leið, að Sturla Jónsson var sýknaður fyrir kröfum Magnúsar Vigfússonar, og Magnús skyldaður til að greiða upp í málskostnað kr. 59.50 aura, en að öðru leyti var málskostnaður látinn falla niður. Gestaréttardómi þessum hefir Sturla Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 22. febr. þ. á. og krafist þess,